

Nd.

### 39. Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Jóhann Hafstein.

#### 1. gr.

Á eftir fyrri másl. fyrri mgr. 3. gr. laganna komi nýr másl.:

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaganna til stjórnar- og trúnaðarstarfa, svo sem við kosningu fulltrúa stéttarfélaganna til stéttarsambands, ef  $\frac{1}{5}$  hluti félaganna krefst þess.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt, hafa bæði fyrr og síðar átt sér stað hörð pólitísk átök innan stéttarfélaganna verkalýðsins hér á landi. Eins og eðli slíks félagsskapar er háttað, þar sem meðlimirnir tilheyra mismunandi stjórnmalaflokkum, — en stéttaskiptingin ræður að sjálf sögðu ekki stjórnmalaskoðunum manna, — er við því að búast, að átök geti orðið milli meðlimanna vegna mismunandi stjórnmalaskoðana. Fyrir þetta verður aldrei girt, meðan lýðræði ríkir í landinu, en það, sem máli skiptir, er, að meðlimir stéttarfélaganna húi í þessum efnunum við þá aðstöðu, að geta notið sámsleigs jafnréttis og hlutfallslega sömu aðstöðu til að beita áhrifum sínum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, stefnir að þessu með því að skylda til að viðhafa hlutfallskosningar innan verkalýðsfélaganna til stjórnar- og trúnaðarstarfa, ef ákveðinn hluti meðlima félaganna óskar þess.

Efni frumvarpsins er ekki nýtt hér í þingsöluunum, en svipuð breytingartillaga við lögum um stéttarfélög og vinnudeilur var flutt af þáverandi þingmanni Hafnarfjarðar, hr. Bjarna Snæbjörnssyni lækni, á Alþingi 1939. Í frumvarpi Bjarna Snæbjörnssonar fólust þó fleiri breytingar á sömu lögum, sem miðuðu að því að tryggja jafnrétti meðlima verkalýðsfélaganna.

Eins og kunnugt er, var nefnt frumvarp afgreitt með samkomulagi þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins, er fólst í till. til rökstuddrar dagskrár, er forsætisráðherra, Hermann Jónasson, flutti, og byggðist á trausti þess, að efni frumvarpsins mundi ná fram að ganga með frjálsu samkomulagi og lagaákvæða væri þá ekki þörf.

Leyfi ég mér að taka hér upp hina rökstuddu dagskrártillögu eins og hún var samþykkt:

„Í trausti þess, að samningar takist milli fulltrúa þeirra verkamanna, sem lýðræðisflokkunum fylgja, er leiði til þess, að einungis eitt félag fyrir hverja stétt verði á hverju félagssvæði og engir geti gerzt meðlimir þess aðrir en menn þeirrar stéttar, er félagið er fyrir; enn fremur að hið bráðasta verði gerðar nauðsynlegar breytingar á Alþýðusambandi Íslands, til þess að það verði óháð öllum stjórnmalaflokkum og tryggt verði, að öllum meðlimum félaga sambandsins verði veitt jafnrétti til allra trúnaðarstarfa innan viðkomandi félags án tillits til stjórnmalaskoðana, þá tekur d. að svo stöddu ekki afstöðu til frv. þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Verður að telja, að fyrri hluta þessarar tillögu hafi verið fullnægt með þeim breytingum, sem síðan hafa átt sér stað á lögum Alþýðusambands Íslands.

Síðari hlutanum, „að tryggt verði, að öllum meðlimum félaga sambandsins verði veitt jafnrétti til allra trúnaðarstarfa innan viðkomandi félags án tillits til stjórnmalaskoðana“, hefur hins vegar enn eigi verið fullnægt. Því að ef menn skiptast við kosningar til trúnaðarstarfa eftir stjórnmalaskoðunum, og í reyndinni vill það oft svo verða, þá njóta menn einskis jafnréttis, þar sem viðhafðar eru einfaldar meirihlutakosningar, heldur er réttur minnihlutans algerlega fyrir horð borinn.

Með því að skylda til að viðhafa hlutfallskosningar, eins og hér er gert, ef  $\frac{1}{5}$  hluti félagsmanna óskar þess, er stefnt að því að koma í veg fyrir það misrétti, sem nú ríkir.

Hlutfallskosningar verða ekki til að gera stéttarfélögin pólitískari en þau nú eru, heldur þvert á móti til þess að draga úr hörku hinna pólitísku átaka, með því að veita meðlimum með ólíkar stjórnmalaskoðanir hlutfallslega jafna aðstöðu til áhrifa.

Ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum yrði, mundi leiða til friðsamlegri vinnu-aðferða innan verkalýðsfélaganna og þannig verða þessum samtökum í heild og hagsmunum þeirra til hollustu.